

FUNDARGERÐ

Árið 2018, fimmtudaginn 25. janúar kl. 13:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir, Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, sem ritaði fundargerð, og Hrafnkeli Hjörleifssyni.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð

Lagðar voru fram fundargerðir frá 14. desember 2017, 20. desember 2017 og 4. janúar 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerðir samþykktar án athugasemda og undirritaðar.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2018

Lögð voru fram ný drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Nefndin hafði áður samþykkt á fundi þann 27. október sl. drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2018. Eina breytingin frá fyrri áætlun er að framlög vegna NPA hækka úr 285 m.kr. í 356 m.kr.

Nefndin samþykkir ný drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2018.

3. Sameiningar sveitafélaga Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Garður

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 23. janúar 2018, og bréf frá Sveitarfélaginu Garði, dags. 22. janúar 2018.

Fram kemur í erindinu frá Garði að endanlegur kostnaður við undirbúning og framkvæmd sameiningar Sandgerðisbæjar og Garðs hafi verið hærri en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 14,8 m.kr. en endanlegur kostnaður var 17 m.kr. Jöfnunarsjóður hefur þegar samþykkt að veita framlag upp á 14,8 m.kr. og er nú óskað eftir að Jöfnunarsjóður hækki framlagið um 2,2 m.kr.

Nefndin samþykkir að veita viðbótarframlag að fjárhæð 2.200.000 kr. og verður því heildarframlag vegna kostnaðar við undirbúning og framkvæmd sameiningar samtals 17.000.000 kr.

Sameining í Austur-Húnavatnssýslu

Formaður nefndarinnar, Guðný Sverrisdóttir, vék af fundi þegar fjallað var um liðinn sameining í Austur-Húnavatnssýslu vegna starfa hennar sem ráðgjafi hjá umræddum sveitarfélögum.

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. janúar 2018, og bréf frá sveitarstjóra Húnavatnshrepps, dags. 19. janúar 2018.

Erindi sveitarstjóra Húnavatnshrepps, fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagastrandar, Blönduósbæjar, Skagabyggðar og Húnavatnshrepps, snýr að ósk um framlag vegna sameininga sveitarfélaga á grundvelli reglna nr. 295/2003 með síðari breytingum. Sótt er um framlag að fjárhæð 18,6 m.kr. vegna könnunar á hagkvæmni sameininga. Upphæð umbeðins framlags er í samræmi við þau framlög sem Jöfnunarsjóður hefur veitt undanfarið í sambærilegum umsóknum.

Nefndin samþykkti að veita framlag til sveitarfélaganna að fjárhæð 18.619.000 til að standa straum af kostnaði vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar

4. Framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna samstarfsverkefna

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að framlögum fyrir árið 2018 til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna samstarfsverkefna.

Ráðgjafarnefndin samþykkti í desember 2015 að Jöfnunarsjóður komi árlega að úthlutun framlaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna þátttöku þeirra í verkefninu *Sóknaráætlanir landshluta*. Með framlaginu er verið að koma til móts við kostnað samtakanna vegna ferðalaga og fundahalda. Framlög ársins 2017 voru 34 m.kr.

Nefndin ákvað að hækka framlögin um 4 m.kr. og verða því framlögin 38 m.kr. á árinu 2018. Skiptingarhlutföllin milli samtaka haldast óbreytt.

5. Útgjaldajöfnunarframlög **Íþyngjandi kostnaður vegna skólaaksturs Flóahrepps**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Flóahreppi um íþyngjandi kostnað vegna skólaaksturs.

Fram kemur í bréfi frá Flóahreppi, dags. 20. nóvember 2017, að við Flóaskóla er hvorki aðstaða til íþróttá- né sundkennslu og aka þarf með alla nemendur til að sinna lögbundinni kennslu í þessum greinum. Heildarkostnaður vegna aksturs í íþróttir og sund á árinu 2017 er áætlaður samtals um 5,7 m.kr. eða 15% af öllum skólaakstri.

Úthlutun framlaga vegna skólaaksturs í B-hluta útgjaldajöfnunarframlagsins er á grundvelli 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010. Í þeim reglum er tilgreint að framlög eru veitt vegna skólaaksturs grunnskólabarna frá heimili í dreifbýli að skóla. Að sama skapi er viðbótarframlag vegna íþyngjandi kostnaður veitt á sömu forsendu. Akstur með skólabörn til íþróttá- og sundkennslu fellur ekki undir reglur um úthlutun framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli

Nefndin hafnar beiðni Flóahrepps um viðbótarframlags vegna íþyngjandi kostnaðar á þeim grundvelli að ekki eru veitt framlög vegna aksturs í íþróttá- og sundkennslu.

Yfirlýsing grunnskólans

6. Skóli án aðgreiningar **Fljótsdalshérað**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Fljótsdalshéraði, dags. 14. desember 2017, um styrk til sérstaks verkefnis á vettvangi sveitarfélaga.

Með umsókninni fylgir ítarleg greinargerð um verkefnið sem ber heitið *Sænska módelið í íslenskum sveitarfélögum*. Sænska kerfið gengur út frá því að barnaverndarstarfsmenn, skólasálfræðingar og skólahjúkrunarfræðingar, vinni saman í teyllum í leik- og grunnskólum sveitarfélaga. Auk þess sem þeir sinni ráðgjöf og stuðningi í skólastofnunum við starfsmenn skólanna, börn og foreldra.

Fjölskyldusvið Fljótsdalshéraðs telur mikinn ávinning af að innleiða sænska módelið og leitar því leiða til að hefja aðlögun og innleiðingu. Gert verði ráð fyrir 2 ára þróunarverkefni til að vanda innleiðingu sem best og tryggja að vinnan geti nýst öðrum sveitarfélögum.

Sótt er um styrk að upphæð 20 m.kr. til Jöfnunarsjóðs vegna þróunar og innleiðingar verkefnisins á næstu tveimur árum. Samkvæmt kostnaðaráætlun sem fylgir umsókninni er gert ráð fyrir að heildarkostnaður verkefnisins verði um 33,5 m.kr.

Lagði nefndin til að afgreiðslu erindisins yrði frestað. Í umfjöllun nefndarinnar kom meðal annars fram að svo virðist sem bæði væri um að ræða mál er tengist barnavernd og skóla án aðgreiningar. Þá voru nefndarmenn sammála um mikilvægi þess að skoða hvort ekki væri möguleg að fleiri sveitarfélög kæmu að verkefninu en með þeim hætti gæti það nýst betur á landsvísu. Þá kom fram að málið hafi verið rætt lítillga í fundi skólamálanefndar Sambandsins en frekari umfjöllunar sé þar að vænta og að eðlilegt sé að bíða eftir niðurstöðum þeirrar umræðu.

7. Íþyngjandi kostnaður vegna fatlaðs barns í grunnskóla Bolungarvíkurkaupstaður

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Bolungarvíkurkaupstaðar, dags. 17. nóvember 2017, um framlög vegna íþyngjandi kostnaðar á grundvelli 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002.

Fram kemur í bréfinu að Grunnskóli Bolungarvíkur óskar eftir aukaframlagi vegna fatlaðs og langveiks barns í skólanum á grundvelli þriðju málsgreinar annars liðar, þar sem sótt er um framlag vegna ófyrirséðra tilvika í rekstri grunnskóla sem leiða til mikill útgjalda umfram tekjur. Grunnskóli Bolungarvíkur hefur haft tæp tvö stöðugildi sem sinna umönnun nemandans og er kostnaður vegna stöðugildanna um 9,4 m.kr. á ársgrundvelli.

Lagðir voru fram útreikningar starfsmanns Jöfnunarsjóðs sem sýna mismun á tekjum og kostnaði við rekstur Grunnskóla Bolungarvíkur. Þar sem nýjustu gögn fyrir kennslukostnað eru fyrir árið 2016 var einnig miðað við tekjur árið 2016. Samkvæmt útreikningum voru tekjur sveitarfélagsins vegna yfirfærslu grunnskólans annars vegar um 80 m.kr. á grundvelli eigin fjármögnunar og um 70 m.kr. í framlögum frá Jöfnunarsjóði með leiðréttingu. Endanlegur kennslukostnaður, sem er laun og launatengd gjöld kennara og skólastjóra, var 124 m.kr. á árinu 2016. Tekjur voru því um 26 m.kr. hærri en kennslukostnaður.

Nefndin ákvað að hafna erindi Bolungarvíkurkaupstaðar á grundvelli þess að tekjur eru hærri en útgjöld. Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002 er heimilt að veita framlög vegna ófyrirséðra tilvika í rekstri grunnskóla sem leiða til mikilli útgjalda umfram tekjur.

Yfirlýsing á málefnum fatlaðs fólks

8. Langtímaleigusamningar 2017

Leigusamningur við Brynju hússjóð ÖBÍ o.fl.

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 23. janúar 2018, ásamt útreikningum framlaga vegna jöfnunar langtímaleigusamninga.

Ríkið gerði langtímaleigusamninga við Brynju hússjóð ÖBÍ og fleiri aðila áður en málefni fatlaðs fólks voru flutt frá ríki til sveitarfélaga. Útreikningur framlagsins tekur mið af því að sett er viðmið um eðlilegt leiguverð fyrir slíkt húsnæði og er mismunur raunverulegs leiguverðs og viðmiðsins bættur úr Jöfnunarsjóði með framlagi. Viðmið við útreikninganna tekur mið af leiguverði að fjárhæð 1.800 kr á m².

Nefndin samþykkir án athugasemda að greiða framlag vegna jöfnunar langtímaleigusamninga að upphæð 73.564.796 kr.

9. Reglugerð framlaga ársins 2018

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu drög að reglugerð vegna framlaga Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018.

Helstu breytingar frá reglugerð framlaganna 2017 er eftirfarandi, en ráðgjafarnefnd samþykkti breytingar á reikniwerki framlaganna á fundi sínum 17. nóvember 2017.

1. Jöfnun á grunni stuðningsþarfar (SIS-mat) hefur 88% vægi við útreikning (87% árið 2017).
2. Framlög er taka mið af útsvari hafa 10,75% vægi við útreikning (12% árið 2017).
3. Innviðir – fjarlægðir og fjöldi km hafa 1,25% vægi við útreikning (1% árið 2017).

Þá er gert ráð fyrir að í stað þess að miða þröskuld framlaganna við 4. flokk SIS-matsins eins og gert hefur verið frá yfirlýsingu 2011 verði miðað við 5. flokk SIS-matsins við útreikning framlaga til þjónustusvæða í málaflokk fatlaðs fólks.

Nefndin samþykkti reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018.

10. Framlög ársins 2018 – 2. áætlun

Lögð var fram umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að 2. áætlun framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018.

Staða þjónustu á svæðinu hefur verið uppfærð að teknu tilliti til eftirfarandi þátta:

1. Nýliðunar í málaflokknum.
2. Framkvæmd endurmats á núverandi SIS mati.
3. Aðrar breytingar í gagnagrunni, þ.m.t. andlát einstaklinga.

Breytingar einstakra þjónustusvæða milli áætlana má rekja til breytinga á reiknaðri stuðningsþörf út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Nefndin samþykkti án athugasemda 2. áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018.

11. Samningur vegna AMS **Endurnýjaður samningur við Vinnumálastofnun**

Lagður var fram til kynningar endurnýjaður samningur um samkomulag um millifærslu fjármuna vegna atvinnumála fatlaðs fólks. Aðilar samningsins eru Vinnumálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneytið og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Samkvæmt samkomulaginu tekur Jöfnunarsjóður að sér að greiða 110 m.kr. til Vinnumálastofnunar á árinu 2018.

12. Reykjadalur **Samkomulag við styrktarfélag lamaðra og fatlaðra**

Gera þarf nýjan samning við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra vegna reksturs Reykjadal árið 2018. Í samkomulagi um stuðning við sumar- helgardvöl fatlaðra einstaklinga í Reykjadal árið 2017 var framlag Jöfnunarsjóðs á árinu 2017 samtals 83,6 m.kr.

Ákveðið var að endurnýja samkomulagið frá 2017 og hækka framlag Jöfnunarsjóðs í samræmi við breytingu á vísitölu launa og neysluverðs á tímabilinu.

13. Bergisinn - Sólheimar **Umsókn vegna vinnu við skýrslu**

Lagt var fram erindi Sveitarfélagsins Árborgar fyrir hönd Bergisans, dags. 18 janúar 2018, um fjárframlag úr Jöfnunarsjóði vegna úttektar sem Bergisinn lét gera á þjónustusvæði Suðurlands.

Í bréfi Árborgar er vísað til sambærilegs verkefnis sem unnið var fyrir Jöfnunarsjóð vegna Mosfellsbæjar og Skálatúns og greitt var af sjóðnum. Kostnaður við úttektina er um 3,5 m.kr. og er það mat Róberts Ragnarssonar sem vann úttektina fyrir þjónustusvæðið að vinnan vegna sjálfstæðu rekstrareininganna hafi verið um helmingur vinnunnar.

Nefndin samþykkti að veita framlag fyrir helmingi kostnaðar sem er um 1,75 m.kr.

14. Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) **Möguleg samstarfsslit**

Samkvæmt bréfi frá Byggðasamlagi Vestfjarða um málaefni fatlaðs fólks (BsVest), dags. 15. janúar 2018, er þess óskað að Jöfnunarsjóður geri útreikninga fyrir svæðið með það í huga að Ísafjarðarbær dragi sig úr samstarfi við BsVest. Lagðir voru fram til kynningar útreikningar á framlögum á Vestfjörðum miðað við þá sviðsmynd.

Við núverandi aðstæður eru áætlaðar greiðslur til BsVest 401,1 m.kr. árið 2018. Í framlögðum útreikningum kemur fram að ef Ísafjarðarbær myndi segja sig úr BsVest er áætlað að 282,3 m.kr. rynni til sveitarfélagsins og 117,1 m.kr. til BsVest. Samanlagt næmi greiðslan 399,4 m.kr. Mismunurinn á heildargreiðslunum stafar af lægri greiðslu vegna innviða vegna fækkunar sveitarfélaga sem heyra undir BsVest.

15. Efling tónlistarfræðslu

Framlag ársins 2018

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að greiðsluáætlun 2018 vegna framlaga til eflingar tónlistarfræðslu. Framlögin eru á grundvelli samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms frá 13. apríl 2016.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2018 nemur styrktarframlag úr ríkissjóði vegna samkomulagsins 545,3 m.kr. á árinu 2018, sem er hækkun um 8,6 m.kr. milli ára. Samkvæmt greiðsluáætlun er lagt til að 530 m.kr. fari í 1. gr. sem eru framlög til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfærleik og söng ásamt miðnámi í söng. Framlög vegna 7. gr. sem er vegna nemenda sem þurfa að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélög verða 6,65 m.kr. Jafnframt er gert ráð fyrir 6,65 m.kr. í forföll og 2 m.kr. í varasjóð.

Nefndin samþykkir án athugasemda greiðsluáætlun vegna eflingar tónlistarnáms fyrir árið 2018.

16. Tímabundinn tilfærsla verkefna til sveitarfélaga frá ríki

Viðaukasamkomulag

Lagt var fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. janúar 2018, um viðaukasamkomulag um tímabundna tilfærslu verkefna til sveitarfélaga frá ríki á árinu 2018.

Samkvæmt samkomulaginu hækkar framlag sveitarfélagana til verkefnanna um 30 m.kr. milli ára og verður samtals 230 m.kr. á árinu 2018. Jöfnunarsjóður getur þar af leiðandi hækkað framlög til Bjargs og fleiri aðila.

17. Önnur mál

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 15. mars 2018 kl: 14:00.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson